

Minnisblað

Reykjavík, hinn 29. febrúar 2000


Að beiðni nefndarfulltrúa í Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis á fundi með fulltrúum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og fulltrúa starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytis hinn 17. febrúar sl skal eftirfarandi tekið fram um félagafrelsi og stjórnarskrárvernd innri málefna stéttarféлага:

Með breytingu á stjórnarskránni (stjkskr) með stjórnarskipunarlögum nr 97/1995 var vernd stéttarféлага – og innri málefna þeirra – aukin enn frekar en vernd stjórnmalaféлага sem fyrir nutu ákveðinnar sérstöðu, sbr upphafsákvæði 31. gr stjkskr, auk trúféлага, sbr 63. og 64. gr stjkskr.

Hin aukna vernd stéttarféлага felst annars vegar í því að þau eru nú – eins og stjórnmalafélög – nefnd sérstaklega og berum orðum í 1. mli 1. mgr 74. gr stjkskr. Hins vegar felst hin aukna vernd í því að samningsréttur launafólks er sérstaklega löghelgaður í 2. mgr 75. gr stjkskr.

Framangreind stjórnarskrárákvæði, ákvæði þjóðréttarlegra réttarheimilda og áratuga löng hefð fyrir lögvernd stéttarféлага leiðir til þess að stéttarfélög njóti ekki síðri verndar en stjórnmalafélög, sbr skýrslu nefndar um fjárhagslegan stuðning við stjórnmalaflokka, dags 18. desember 1998, þar sem segir á bls 10:

„Telja verður, að hið nýja félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar hafi inni að halda frekari löghelgun- og vernd fyrir stofnun og starfsemi stjórnmalaflokka en áður var og fortakslausa vernd innri málefna þeirra, sem ekki verður hróflað við af Alþingi.“



Gísli Tryggvason hdl,
framkvæmdarstjóri Bandalags háskólamanna.